

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurlflugvelli nr. 89 frá 20. ágúst 1959.

*Utánríkisráðuneytið, 2. júlí 1962.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Hörður Helgason.*

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá og með 1. júlí 1962 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1962.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Elias Eliasson.*

## AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 frá 2. maí 1958.

**1. Bifreiðastöður.**

Bifreiðastöður eru bannaðar við Tjarnarstíg og Lambastaðabraut frá gatnamótum við Tjarnarstíg.

**2. Einstefnuakstur.**

Bannaður er akstur bifreiða um Melabraut til vesturs og suðurs frá gatnamótum við ónefnda götu (A. götu).

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. júlí 1962.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.